

S A M Þ Y K K T

fyrir Veidifélagið Lýsu.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélagið Lýsa.
Heimili þess og varnarþing er Staðarsveit.

2. gr.

Félagið nær til jarða sem land eiga að Vatnsholtsá (að meðtöldu hópinu) í Staðarsveit og þeirra stöðuvatna og straumvatna er í hana renna og sami fiskistofn gengur um.

Stöðuvötnin eru sem hér segir: Lýsuvatn, Reyðarvatn, Torfavatn, Litlavatn og Hertjörn.

Jarðir þær sem hér um ræðir eru: Vatnsholt, Votilækur, Lýsudalur, Hraunsmúli, Ytri-Garðar, Hoftún og Hofgarðar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár.

5. gr.

Stjórnin hefur í hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf, í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið var veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprilmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram reikninga félagsins áritaða af stjórn þess. Í upphafi aðalfundar skal kosinn endurskoðandi er endurskoði framlagða reikninga félagsins.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Sektir renna í ríkissjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. maí 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

8. maí 1972.

Nr. 112.

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvivetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti. Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
 2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
 3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
 4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kys bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.